

FÉLAG LÆSISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI HVETUR FORELDRA TIL AÐ STYÐJA VIÐ HEIMALESTUR BARNNA SINNA ALLA SKÓLAGÖNGUNA

MIKILVÆGI
HEIMA-
LESTURS

NOKKRAR
LEIÐIR

UPPBROT
- ÁHUGI

Það er samstarfsverkefni heimilis og skóla að tryggja börnum farsælt lestrarnám og góða lestrarfærni.

Allt það sem við ætlum að gera vel, þarf að þjálf. Lestur og lestrarfærni er grunnur alls náms og því skiptir miklu máli að lesturinn sé þjálfður. Börn læra lestrartækni í skólanum og eru að fást við margskonar lestur allan skóladaginn. Viðbótarþjálfun sem fer fram heima eykur líkur á árangri og hér að neðan eru nokkrar leiðir til að nýta við heimalesturinn.

- Bergmálslestur: foreldri les fyrst og barn svo. Hjálpar til við lestur erfiðra orða og kennir rétt hljómfall við lestur.
- Kórlestur: foreldri og barn lesa saman. Barnið fær stuðning frá reyndari lesara.
- Víxllestur: foreldri og barn skiptast á að lesa. Góð aðferð ef barn er áhugalítið eða ef því vex í augum magn textans sem það þarf að lesa.
- Tenging aðferða: aðferðirnar bergmálslestur og kórlestur tengdar saman í átt að sjálfstæðum lestri barnsins.
- Endurtekinn lestur með tímatöku og leiðréttingu á milli: t.d. 3x þar sem barnið les sama textann og tíminn tekinn í hvert sinn.

Munið: *komdu, við skulum...* - frekar
en: *farðu að...*

- Hlustað er á hljóðbók og lesið/fylgst með í bókinni á sama tíma. Að hlusta á vandaðan og skemmilegan lestur kennir barninu gott lestrarlag og eykur áhugann þar sem sagan lifnar við í góðum lestri.
- 100 orð: á þessum vef eru alls konar orðalistar til að læra að lesa ný orð og merkingu þeirra. Það er um að gera að leika sér hér!

Að lokum

Bingó!! Útbúið saman bingóspjald með allskonar útfærslum á heimalestrinum. T.d. að lesa í náttfötum, undir borði, með húfu, með snarl í skál, með sólgleraugu...